

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar innri úttektamönnum til stuðnings við undirbúning og framkvæmd innri úttekta á eftirliti með matvælum, fóðri, plöntuheilbrigði, dýravelferð og dýraheilsu.

## Kröfur löggjafar

Kröfur reglugerðar um opinbert eftirlit eru tvíþættar þegar kemur að mati á skilvirkni eftirlits og hentugleika eftirlitskerfa. Annars vegar er það ábyrgð allra aðila sem fara með slíkt eftirlit að meta ofangreinda þætti reglubundið í sinni starfsemi og hins vegar er það hlutverk innri úttekta á opinberu eftirliti að skoða einnig hvernig þessum málum er háttað og hvort kröfur eru uppfylltar.

Þessum leiðbeiningum er ætlað að vera innri úttektamönnum stuðningur í að framkvæma skoðun á skilvirkni og hentugleika í þeim innri úttektum sem framkvæmdar eru á ári hverju á opinberu eftirliti með matvælum, fóðri, plöntum, dýraheilbrigði og dýravelferð í samræmi við samþykktu úttektaráætlun. Þeim er ætlað að tryggja samræmi í slíkum úttektum, gera skoðun á þessum þáttum markvissari og til þess gerða að koma betur auga á rými til úrbóta hjá opinberum eftirlitsaðilum.

## Markmið eftirlit og vísar (indicators)

Líkt og löggjöf um opinbert eftirlit kveður á um skulu eftirlitsaðilar setja sér markmið. Þau starfsmarkmið sem sett eru skulu vera SMART sem stendur fyrir 'Sértæk-Mælanleg-Aðlagandi-Raunhæf-Tímasett'. Til þess að geta framkvæmt mælingar á því hvort markmið hafi náðst eru valdir tilteknir vísar (indicators) til þess að fylgjast með og meta stöðu mála og framvindu hverju sinni.

Vísar sem valdir eru til mælinga skulu vera RACER (Relevant-Accepted-Credible-Easy to monitor-Robust) og geta verið af ýmsu tagi. Sem dæmi um vísa má nefna fjölda eftirlitsheimsókna á vissu tímabili, hlutfall frávíka, hlutfall jákvæðra sýna, breyting á þáttum yfir tíma (fjöldi matarsýkinga) o.s.frv. en hver eftirlitsstofnun eða eining setur sér eigin vísa við mat á sínu eftirliti. Við skoðun úttektarmanna á skilvirkni eru markmið eftirlitsaðila sem og markmið löggjafar grundvallarviðmið. Til þess að geta sannreynt árangur í að ná slíkum markmiðum verða jafnframt að liggja fyrir vísar, mælingar á þeim og niðurstöður. Einnig er skoðað hvernig eftirlitsaðilar hafa staðið að sinni eigin skoðun á sannprófun á skilvirkni og hver úrvinnsla slíkrar skoðunar er.

Markmið eftirlits Matvælastofnunar er að finna í landsbundinni eftirlitsáætlun til margra ára (LEMA) og skiptast þau í þrjá flokka:

1. Yfirmarkmið (High level objectives) eru langtímamarkmið stjórnvalda sem oft eru sett fram í löggjöf eða í stefnumótun og hafa þá gjarnan víða skírskotun í sýn tiltekinna stofnana, tilgang þeirra og markmið almennt.
2. Stefnumótandi markmið (strategic objectives) eru langtímamarkmið sem beinast að þeim árangri sem opinbert eftirlit hyggst ná til lengri tíma.
3. Starfsmarkmið (operational objectives) eru sértækari og markvissari markmið til styttri tíma. Þau skulu vera nákvæm, mælanleg, raunhæf, viðeigandi og tímasett (SMART; Sértæk-Mælanleg-Aðlagandi-Raunhæf-Tímasett).

Til þess að geta lagt mat á skilvirkni eftirlits afla úttektamenn gagna um markmið, vísa og niðurstöður mælinga fyrir úttekt til þess að geta rýnt slík gögn á markvissan hátt og aukið þannig gæði úttekta. Einnig er mögulegt að kalla eftir frekari gögnum á meðan á úttektum

stendur. Jafnframt þarf að afla upplýsinga um meðhöndlun niðurstaðna eftirlits og hvernig þær voru nýttar til úrbóta og breytinga ef þörf var á.

Úttektarkerfum er einnig ætlað að meta hvort að það eftirlitskerfi sem sett hefur verið upp (fyrirhugað fyrirkomulag eftirlits) henti til þess að ná markmiðum löggjafar um opinbert eftirlit og þeim markmiðum sem sett eru fram í landsáætlun til margra ára hverju sinni. Í þessu felst mat á því hvort að tíðni eftirlits og aðferðir henti, hvort að eftirlitið henti þeirri framleiðslu eða starfsemi sem það beinist að hverju sinni og umfangi þess.

### Þættir til skoðunar í innri úttekt

Við framkvæmd innri úttekta leitast úttektamenn við að afla svara við eftirfarandi þáttum sem eru þó ekki takmarkandi fyrir hverja úttekt fyrir sig en er ætlað að gefa sameiginlegan grundvöll fyrir framkvæmdina.

1. Reglubundið mat eftirlitsaðila á sínu eftirliti.
  - a. Hafa verið sett markmið og vísar skilgreindir til mælinga? Hver eru þau og uppfylla þau kröfur um að vera SMART og RACER?
  - b. Er framkvæmd sannprófun á skilvirkni og hentugleika eftirlitsins?
    - i. Hver framkvæmir?
    - ii. Hver er tíðni framkvæmdar?
    - iii. Hver er skjalfesting skoðunar?
  - c. Skoða niðurstöður slíkra skoðana ef þær liggja fyrir og hver viðbrögð hafa verið við niðurstöðum. Eftirfylgni, skráning, sannprófun á innleiðingu breytinga o.s.frv. í samræmi við PDCA hringinn. Skoða gögn, óska eftir sönnunum, rekja dæmi.
2. Innri úttekt getur einnig lagt mat á niðurstöður (mælinga) sem fyrir liggja og úrvinnslu þeirra til að fá innsýn í og leggja mat á hvort eftirlitskerfið sé í raun skilvirkt og hentugt. Hér er átt við að niðurstöður eftirlits eru þá rýndar beint en ekki eingöngu sannprófun eftirlitsaðilans sjálfs.

Til frekari stuðnings við úttektamenn við framkvæmd úttekta er jafnframt stefnt að gerð gátlista til samræmingar á framkvæmd skoðunar á skilvirkni og hentugleika.